

Vegagerðin, Vestursvæði
Borgarbraut 66
310 Borgarnes

Akureyri, 20. september 2022
UST202108-114/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Þykktarmælingar á lýsis- og olúgeymum - Vegagerðin, Ísafirði

Umhverfisstofnun barst þann 10. ágúst sl. þykktarmæling á lífolúgeymi bikstöðvar Vegagerðarinnar á Ísafirði. Geymirinn er staðsettur í lekaþró á lóð bikstöðvarinnar að Mávagarði. Geymirinn er lóðréttur stálgeymir, byggður árið 1999 og 54 m³ að stærð.

Þykktarmælinguna framkvæmdi VPS verkfræðiþjónusta þann 10. júní 2021. Notaður var T-gage mælir frá Sonatest, stilltur fyrir mælingu á 5, 10 og 15mm.

Fram kemur í skýrslu VPS að smávægileg tæring sé neðst á hliðum geymisins en mældust þær minnst um 4,7 mm. Lítil tæring var á botni og mældist minnsta þykkt hans 5,8 mm. Engin plata er á geyminum sem sýnir upprunalega þykkt hans en gert er ráð fyrir að þykkt hliðanna hafi verið 5 mm og botns 6 mm.

Meðfylgjandi er skýrsla VPS verkfræðiþjónustu um þykktarmælingar geymisins.

**Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á geyminum.
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
Teymisstjóri